

Alþingi
Erindi nr. P 140/2044
komudagur 7.5.2012

7.5.2012

Á fundi bæjarráðs Árborgar 3.maí sl. var tekin fyrir beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn – tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Eftirfarandi var bókað:

Eyþór Arnalds, D-lista, vék af fundi. Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, kom inn á fundinn. Elfa Dögg Þórðardóttir tók við stjórn fundarins.

„Bæjarráð tekur undir bókun SASS frá fundi hinn 13. apríl sl. þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur tekið varðandi þingsályktunartillögu um breytingar á rammaáætlun en samkvæmt henni verður gengið á svig við niðurstöður þeirrar vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Bæjarráð beinir því til atvinnuveganefndar Alþingis að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk. Það á ekki síst við um virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem koma hvað best út af mögulegum virkjunarkostum bæði hvað varðar umhverfisáhrif og þjóðhagslega hagkvæmni og því brýnt að heimila Landsvirkjun að ljúka undirbúningsvinnu til að geta hafið framkvæmdir. Fyrir Sunnlendinga er um mikilvægar framkvæmdir að ræða sem varða nauðsynlega uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á Suðurlandi.“

Bæjarfulltrúar B-, D- og S-lista.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, óskaði eftir að bókað yrði að auki:

„Undirritaður hefur þegar lagt fram ályktun varðandi breytingar á rammaáætlun þar sem fram kemur að það er skoðun undirritaðs að hefja skuli framkvæmdir við Hvamms- og Holtavirkjanir, en hlífa beri framkvæmdum við Urriðafossvirkjun uns niðurstaða úr frekari rannsóknnum á laxastofnum í Þjórsá liggur fyrir.“

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, bókaði:

Undirritaður tekur ekki undir bókun bæjarfulltrúa B-, D og S-lista hér að framan og ítrekar eftirfarandi ályktun sem lögð var fram á fundi bæjarstjórnar Árborgar í apríl sl.:

„Tilgangur rammaáætlunar um virkjun vatnsafls og jarðhita er að flokka hugsanleg virkjanasvæði í nýtingarflokk og verndunarflokk og er biðflokkur notaður sem tímabundið ástand meðan nægilegra gagna er aflað til að ákveða í hvorn fyrrnefndra flokka svæðið skuli fara. Sú ákvörðun, að setja allar þrjár virkjanirnar í Þjórsá í biðflokk, byggir á nýjum upplýsingum sem fram komu eftir að stýrihópur um Rammaáætlun lauk starfi sínu og talið var nauðsynlegt að meta frekar. Líklegt er að sú matsvinna taki ekki langan tíma og að eftir það verði tekin ákvörðun um hvort þessi virkjanasvæði skuli hvert um sig fara í nýtingarflokk eða verndunarflokk.

Undirritaður telur mikilvægt að þessi nýju gögn verði tekin til eðlilegrar skoðunar en þeim ekki vísað frá af pólitískum ástæðum.“

Andrés Rúnar Ingason, fulltrúi V-lista.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901